

Ár 2005 þann 27. apríl kom félagsmála- og jafnréttisnefnd saman til fundar á Reykhólum. Mættir allir aðalmenn auk sveitarstjóra er reit fundargerð.

- 1) Fyrir var tekið málefni einstaklings og afgreiðsla þess færð í trúnaðarmálabók.
- 2) Árlegt viðhald Grettislaugar. Rætt var almennt um þessi mál. Þegar laugin verður tæmd í vor, kemur í ljós hversu mikið þarf að gera við laugargryfjuna. Ýmislegt annað þarf að gera og er umsjónarmanni fasteigna falið að gera það sem unnt er í samvinnu við sundlaugarvörð og sveitarstjóra.

Önnur mál:

- a) Indíana lýsti yfir þeirri skoðun sinni að rétt væri að hafa Grettislaug opna kl. 17-21 næsta vetur í staðinn fyrir kl. 17-20 eins og verið hefur. Þetta mál verður skoðað næsta haust.

Fundi slitið.

Björk Bárðardóttir (sign)
Egill Sigurgeirsson (sign)
Indíana Ólafsdóttir (sign)
Einar Örn Thorlacius (sign)